



Count on it.

Form No. 3463-698 Rev A

Notendahandbók

Pro Force[®]-blásari

Tegundarnúmer 44552—Raðnúmer 409000000 og upp úr

Tegundarnúmer 44552TE—Raðnúmer 409000000 og upp úr



Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisfirlýsingarskjali vörunnar.

Notkun vélarinnar á skógivaxið, runnavaxið eða grasivaxið landsvæði telst brjóta í bága við almenningsauðlindalöggjöf Kaliforníu, hluta 4442 eða 4443, nema vélin sé búin neistavara, samkvæmt skilgreiningu í hluta 4442, henni sé haldið í góðu vinnuástandi eða hún hefur verið byggð, útbúin og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir eldsvoða.

Meðfylgjandi notendahandbók vélarinnar inniheldur upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda vélarinnar.

DOT-hjólbarðaupplýsingarnar eru staðsettar á hlið hvers hjólbarða. Þessar upplýsingar sýna uppgefið gildi fyrir burðargetu og hraða. Þegar skipt er um hjólbarða skal nota hjólbarða með sömu eða meiri uppgefinni getu. Tryggið að hjólbarðarnir uppfylli þyngdarskilyrði vinnuvélarinnar.

Mikilvægt: Breytingar á vinnuvélinni án sérstaks samþykkis ábyrgs aðila gætu ógilt heimild þína til notkunar búnaðarins.

Ekki breyta vinnuvélinni án sérstaks samþykkis ábyrgs aðila.

Ef ekki er farið eftir öryggisráðstöfunum getur það leitt til bilunar í búnaði, afturköllunar heimilda til notkunar búnaðarins og meiðsla á fólki.

Eigandi vinnuvélarinnar og stjórnendur verða að hlíta öllum gildandi lögum um uppsetningu og rekstur vélarinnar í viðkomandi landi, ríki eða stað. Sé þessu ekki fylgt getur það leitt til viðurlaga og ógilt heimild notandans til að nota vinnuvélina.

Rafsegulsviðssamhæfi

Innanlands: Þetta tæki uppfyllir 15. hluta reglna FCC. Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum: (1) Þetta tæki má ekki valda skaðlegum truflunum og (2) þetta tæki verður að taka við öllum truflunum, þ.m.t. truflunum sem geta valdið óæskilegri virkni.

Þessi búnaður myndar og notar útvarpsbylgjur og ef hann er ekki settur upp og notaður á viðeigandi hátt, í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, getur hann valdið truflunum á útvarps- og sjónvarpsmóttöku. Búnaðurinn hefur verið gerðarprófaður og telst samræmast takmörkunum fyrir tölvubúnað í B-flokki undir FCC í samræmi við tæknilynginguna í undirhluta J í 15. hluta reglna FCC, eins og fram kemur hér að ofan. Hins vegar er engin trygging fyrir því að truflanir eigi sér ekki stað á tilteknu svæði. Ef þessi búnaður veldur truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem hægt er að ákvarða með því að kveikja og slökkva á búnaðinum, er notandinn hvattur til að beita einni eða fleiri eftirfarandi ráðstafana til að koma í veg fyrir truflanirnar: Endurstílið móttökuloftnetið, flytjið fjarstýrða móttakarann með hliðsjón af útvarps-/sjónvarpsloftnetinu eða stingið stjórnþúnaðinum í aðra innstungu svo stjórnþúnaðurinn og útvarpið/sjónvarpið séu á sitthvorri greininni.

Ef nauðsyn krefur ætti notandinn að ráðfæra sig við söluaðilann eða reyndan fjarskipta-/sjónvarpstæknimann til að fá frekari tillögur. Notandanum gæti þótt eftirfarandi bæklingur frá FCC (Federal Communications Commission) gagnlegur: „How to Identify and Resolve Radio-TV Interference Problems“. Þessi bæklingur fæst hjá U.S. Government Publishing Office, Washington, DC 20402. Birgðanr. 004-000-00345-4.

FCC-kenni: W7OMRF24J40MDME-Base, OA3MRF24J40MA-Hand Held

IC: 7693A-24J40MDME-Base, 7693A-24J40MA-Hand Held

Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum: (1) Þetta tæki má ekki valda truflunum, og (2) þetta tæki verður að taka við öllum truflunum, þ.m.t. truflunum sem geta valdið óæskilegri virkni þess.

Vottun á rafsegulsviðssamhæfi í Japan

Práðlaus fjarstýring:  R 204-520022

RF2CAN:  R 204-520297


Vottun á rafsegulsviðssamhæfi í Mexíkó


Práðlaus fjarstýring: IFTEL : RCPMIMR15-2209

RF2CAN: IFTEL : RCPMIMR15-0142

Vottun á rafsegulsviðssamhæfi í Kóreu

(merking fylgir með í öðru setti)

Práðlaus fjarstýring:  MSIP-CRM-TZQ-SMHH
해당 무선설비는 전파혼신 가능성이 있으므로 인명안전과 관련된 서비스는 할 수 없음

RF2CAN:  MSIP-CRM-TZQ-MRF-E
MSIP-CRM-TZQ-RF2CAN
해당 무선설비는 전파혼신 가능성이 있으므로 인명안전과 관련된 서비스는 할 수 없음

Vottun á rafsegulsviðssamhæfi í Singapúr

Þráðlaus fjarstýring: TWM240007_IDA_N4021-15

RF2CAN: TWM-240005_IDA_N4024-15

Vottun á rafsegulsviðssamhæfi í Marokkó

AGREE PAR L'ANRT MAROC

Numero d'agrement: MR 14092 ANRT 2017

Delivre d'agrement: 29/05/2017

⚠ VIÐVÖRUN

KALIFORNÍA

Viðvörðun, tillaga 65

Vélarútblástur frá þessari vöru inniheldur efni sem Kaliforníuríki eru kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Rafgeymaskaut og tengihlutir innihalda blý og blýsambönd, efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og æxlunarskaða. Þvoið hendur eftir meðhöndlun.

Notkun á þessari vöru getur valdið snertingu við efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Inngangur


Blásarinn er dreginn með vinnuvél sem er ætluð fyrir fagfólk og verktaka til atvinnunota. Hann er sérstaklega hannaður til að blása burtu óæskilegum aðskotahlutum og óhreinindum á vel viðhöldnum grasflötum í almenningsgörðum, á golfvöllum, íþróttavöllum og atvinnusvæðum. Notkun þessarar vöru við annað en tilætlaða notkun getur skapað hættu fyrir stjórnanda og nærstadda.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Á www.Toro.com er að finna kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skrifðu númerin í kassann hér á síðunni.

Mikilvægt: Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmerinu (ef hann er til staðar) með fartæki.



Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (Mynd 2), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



Mynd 2
Öryggistákn

g000502

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Efnisyfirlit

Öryggi	5
Almennt öryggi	5
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar	5
Uppsetning	7
1 Rafgeymirinn tengdur	7
2 Tengibúnaðurinn festur við blásarann	8
3 Blásarinn tengdur við dráttarökutækið	8
4 Rafhlöðurnar settar í fjarstýringuna	9
Yfirlit yfir vöru	10
Stjórn tæki	10
Þráðlaus fjarstýring	10
Tæknilysing	12
Tæknilysing fjarskiptabúnaðar	12
Tengitæki/aukabúnaður	12
Fyrir notkun	12
Öryggi fyrir notkun	12
Eldsneytisforskrift	13
Notkun varðveisluefnis/bætiefnis	13
Áfylling á eldsneytisgeyminn	13
Daglegt viðhald	13
Meðan á notkun standur	14
Öryggi við notkun	14
Greiningarljós	15
Vélin gangsett	15
Drepíð á vélinni	16
Notkun fjarstýringarinnar	16
Vélin keyrð	16
Stilling stefnu blásarastúts	18
Vinnuvélin fjarlægð af vinnusvæðinu	18
Stútsstöðumælir	19
Notkun aukabúnaðarljósa	19
Ráðleggingar um notkun	19
Eftir notkun	20
Öryggi eftir notkun	20
Notkun fjarstýringar	20
Flutningur	20

Viðhald	21
Öryggi við viðhaldsvinnu	21
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir	22
Gátlisti fyrir daglegt viðhald	23
Undirbúningur fyrir viðhald	24
Vinnuvélin undirbúin	24
Undirbúningur vinnuvélar fyrir rafsúðuviðgerðir	24
Viðhald vélar	24
Vélaröryggi	24
Unnið við loftsíuna	24
Forskriftir vélarolíu	25
Smurolíuhæð könnuð	25
Skipt um olíu	26
Skipt um olíusú	27
Viðhald kerta	28
Vélarsían og olíukælirinn hreinsuð	28
Viðhald eldsneytiskerfis	29
Kolefnishylkið þjónustað	29
Skipt um eldsneytissíu	29
Unnið við eldsneytisgeymi	30
Viðhald rafkerfis	31
Öryggi tengt rafkerfi	31
Öryggi	31
Viðhald drifkerfis	32
Loftþrýstingur hjólbarða kannaður	32
Hersla felguróa	32
Hjólbarðaskoðun	32
Viðhald reimar	33
Stilling á strekkingu stútsstýringarreimar	33
Viðhald blásara	33
Klemma blásarastúts skoðuð	33
Hreinsun stýribrauta stúts	33
Viðhald fjarstýringar	34
Fjarstýring og þráðlaus stjórnun	34
Skipt um rafhlöður í fjarstýringu	35
Bilanakóðar bilanagreiningar	37
Leyst úr bilanakóðum	37
Greiningarstilling opnuð og kóðarnir skoðaðir	38
Endurstilling bilanakóða	38
Greiningarstillingu lokað	38
Þrif	39
Vinnuvélin þrifin	39
Förgun úrgangs	39
Geymsla	40
Öryggi við geymslu	40
Vinnuvélin sett í geymslu	40

Öryggi

Þessi vinnuvél er hönnuð í samræmi við tilskipun ANSI B71.4-2017.

Almennt öryggi

Þessi vara getur skotið hlutum frá sér. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið efni þessarar *notendahandbókar* og notendahandbókar dráttarvélarinnar til hlítar áður en vinnuvélin er notuð. Gangið úr skugga um að allir sem nota vöruna kunni að nota hana og dráttarvélin og skilji viðvaranirnar.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Ekki setja hendur eða fætur nærri íhlutum á hreyfingu.

- Ekki nota vinnuvélina án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á vinnuvélinni og í nothæfu ástandi.
- Haldið börnum, nærstöddum og gæludýrum utan vinnusvæðisins. Aldrei skal leyfa börnum að vinna á vinnuvélinni.
- Drepið á vinnubílnum, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr öikumannssætinu. Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrífinn eða settur í geymslu.

Röng notkun eða viðhald þessarar vinnuvélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slyshættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu ▲, sem merkir „Aðgát“, „Viðvörðun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hættu á meiðslum á fólki eða dauða.

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar



Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



115-5106

decal115-5106


1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*.
2. Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum fjarri.
3. Hætta á skurði/aflimun; hendur – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.



115-5113

decal115-5113


1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*; notið heyrnarhlífar og hlífðargleraugu.



119-6165

decal119-6165

1. Vél – stöðvun
2. Keyra vél
3. Gangsetja vél



131-6766

decal131-6766

1. 7,5 A
2. 7,5 A
3. Rafknúinn aukabúnaður (15 A)
4. TEC-2403 (2 A)

⚠ WARNING: Cancer and Reproductive Harm - www.P65Warnings.ca.gov.
For more information, please visit www.ticoCAProp65.com

CALIFORNIA SPARK ARRESTER WARNING

Operation of this equipment may create sparks that can start fires around dry vegetation. A spark arrester may be required. The operator should contact local fire agencies for laws or regulations relating to fire prevention requirements.

decal133-8062


133-8062



decal140-6767

140-6767

- Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*.
- Viðvörðun – stjórnendur vinnuvélarinnar þurfa í öllum tilvikum að fá þjálfun í notkun hennar.
- Viðvörðun – ekki gangsetja vélina þegar vinnuvélin er aftengd frá dráttarbilnum; tengið vinnuvélina við dráttarbilinn áður en vélin er gangsett.
- Hætta á fljúgandi hlutum – haldið nærstöddum fjarri.
- Viðvörðun – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggið að hlífar séu á sínum stað.
- Viðvörðun – svissið af, fjarlægjið lykिलinn og lesið *notendahandbókina* áður en viðhaldi er sinnt.



decal140-6843

140-6843

- Lesið *notendahandbókina*.
- Vél – gangsetja
- LED-ljós
- Snúið stútnum til vinstri
- Snúið stútnum til hægri
- Hægt
- Hratt
- Vél – gangsetja
- Drepa á vél
- Keyra vél
- Röð við gangsetningu vélar: ýtið á gangsetningarhnappinn á fjarstýringunni; ýtið á vinstri hnappinn til að snúa stútnum; ýtið á hægri hnappinn til að snúa stútnum; ýtið á gangsetningarhnapp vélarinnar.
- Mest mega líða þrjár sekúndur á milli þess sem ýtt er á hnappana.

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Grafo 112X-feiti (Toro hlutarnr. 505-47)	—	Tengja rafgeyminn.
2	Blásarasamstæða Tengibúnaður Bolti ($\frac{3}{8}$ x 3 to.) Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ to.) Klofi Bolti ($\frac{5}{8}$ x 4–1/2 to.) Lásró ($\frac{5}{8}$ to.)	1 1 2 2 1 2 2	Festið tengibúnaðinn við blásarann.
3	Krókpinni Klofi	1 1	Tengið blásarann við dráttarökutækið.
4	Þráðlaus fjarstýring AAA-rafhlöður	1 4	Setjið saman fjarstýringuna.

Margmiðlun og aukahlutir

Lýsing	Magn	Notkun
Notendahandbók	1	Lesið fyrir notkun.
Notendahandbók vélar	1	Inniheldur upplýsingar um notkun og viðhald vélarinnar.
Fjarstýring	1	Notuð til að fjarstýra blásaranum.
Samræmisýfirlýsing	1	CE-eftirfylgni.

Ath.: Miðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.




Rafgeymirinn tengdur

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

—	Grafo 112X-feiti (Toro hlutarnr. 505-47)
---	--

Verklag

1. Fjarlægið splittin tvö sem festa rafgeymishlífina við rafgeymishólfið og fjarlægið hlífina ([Mynd 3](#)).




Mynd 3

1. Rafgeymishlíf
2. Rafgeymissplitti

2. Tengjið plúskapalinn (rauður) við plússkaut rafgeymisins og herðið T-boltann og róna.

3. Tengjið mínuskaþalinn (svartur) við mínusskaut rafgeymisins og herðið T-boltann og róna.
4. Berið Grafo 112X-feiti á rafgeymisskautin (Toro hlutarnr. 505-47).
5. Rennið einangrun plúskapalsins yfir plússkautið.
6. Setjið rafgeymishlífina á rafgeymishólfið og festið með tveimur splittum (Mynd 3).



Mynd 4

1. Grindarfestingar
2. Tengibúnaðarhólkur
3. Klofi

4. Festið tengibúnaðarhólkinn við grindarfestingar (Mynd 4) með tveimur boltum (3/8 x 3 to.) og tveimur sjálfæsandi róm (3/8 to.).
5. Herðið sjálfæsandi rærnar og boltana í 40 Nm (30 ft-lb).

3

Blásarinn tengdur við dráttarökutækið

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Krókpinni
1	Klofi

Verklag

1. Bakkið dráttarökutækinu upp að blásaranum.
2. Hafið búkka undir tengibúnaðarhólknum og tryggjið að hólkurinn sé samsíða undirlaginu.
3. Fjarlægið boltana tvo og lásrærnar tvær sem festa klofann (Mynd 5) við tengibúnaðarhólkinn.

2

Tengibúnaðurinn festur við blásarann

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:


1	Blásarasamstæða
1	Tengibúnaður
2	Bolti (3/8 x 3 to.)
2	Sjálfæsandi ró (3/8 to.)
1	Klofi
2	Bolti (5/8 x 4-1/2 to.)
2	Lásró (5/8 to.)

Verklag

1. Setjið blásarann á flatt og jafnt yfirborð og setjið skorður við dekkinn.
2. Lyftið vinnuvélinni upp að framan og setjið búkka undir.
3. Rennið tengibúnaðarhólknum í festingarnar á grindinni (Mynd 4).

Ath.: Hægt er að snúa hólknum um 180° fyrir mismunandi hæð tengibúnaðar.

Mikilvægt: Stillið tengibúnaðarhólkinn í rétta lengd til að blásarinn snerti ekki dráttarökutækið í beygjum.




Mynd 5

g341668

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. Bolti | 3. Tengibúnaðarhólkur |
| 2. Klofi | 4. Lásró |

- Hækkið eða lækkið klofann til að stilla hann af við krók dráttarökutækisins.
- Mikilvægt:** Gangið úr skugga um að blásaragrindin sé samsíða undirlaginu.
- Festið klofann á tengibúnaðarhólkinn með tveimur boltum og tveimur lásróm (Mynd 5).
- Herðið lásrænar og boltana í 203 Nm (150 ft-lb).
- Tengið klofa blásarans við krók dráttarökutækisins með pinnanum og splittinu (Mynd 6).

Mikilvægt: Ef blásarinn snertir dráttarbilinn í beygju skal lengja tengibúnaðarhólkinn út frá blásaranum með því að færa tengibúnaðarhólkinn í fremstu götin á grindarfestingunum; frekari upplýsingar eru í [2 Tengibúnaðurinn festur við blásarann \(síða 8\)](#).



G008175

Mynd 6

g008175

- | | |
|---------------------------|------------|
| 1. Krókpinni | 3. Splitti |
| 2. Krókur dráttarökutækis | |

4

Rafhlöðurnar settar í fjarstýringuna


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Þráðlaus fjarstýring
4	AAA-rafhlöður

Verklag

- Losið skrufurnar sex sem festa fram- og afturhlið fjarstýringarinnar saman og fjarlægið bakhliðina (Mynd 7).

Ath.: Hafið gúmmípéttið og stálpakkninguna í grópinni, ef hægt er, þegar bakhliðin er fjarlægð.



Mynd 7


g341770

- | | |
|--------------|-------------------|
| 1. Skrúfa | 5. AAA-rafhlöður |
| 2. Bakhlið | 6. Spottapinni |
| 3. Pétti | 7. Spottahringur |
| 4. Stálpétti | 8. Hlíf að framan |

- Verið vakandi fyrir skautun rafhlöðna eins og sýnt er á [Mynd 8](#) þegar nýjar rafhlöður eru settar í rafhlöðuhólf.

Ath.: Til að koma í veg fyrir skemmdir á rafhlöðuhólfinu þegar rafhlöður eru settar í skal hafa auga með viðeigandi skautamerkingum

(Mynd 8) í rafhlöðuhólfina. Ef rafhlöðurnar eru settar rangt í virkar fjarstýringin ekki. Þetta hefur engin áhrif á vinnuvélina.



Mynd 8

1. Plússkaut rafhlöðu

3. Gangið úr skugga um að stálpakkingin og gúmmíþéttið (Mynd 7) sitji í rásinni í framhliðinni.
4. Leggið spottahringinn yfir spottapinnann (Mynd 7).
5. Leggið bakhliðina og framhliðina saman og festið með sex skrúfum (Mynd 7).
6. Herðið skrúfurnar í 1,5 til 1,7 Nm (13 til 15 in-lb).


Yfirlit yfir vöru

Stjórnþæki

Þráðlaus fjarstýring

LED-ljós

LED-ljosið gefur til kynna tengingu á milli fjarstýringarinnar og þráðlausu stjórneiningarinnar (Mynd 9).



Mynd 9

- | | |
|--|--|
| 1. LED-ljós | 5. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI |
| 2. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI | 6. Hnappur til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR |
| 3. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR | 7. Hnappur til að DREPA Á VÉL |
| 4. RÆSIHNAPPUR | |

Hnappur til að drepa á vél

Ýtið á hnappinn til að DREPA Á VÉL til að drepa á vélinni (Mynd 9).

Ræsihnappur

Þegar vinnuvélin hefur verið undirbúin fyrir gangsetningu með fjarstýringu skal ýta á RÆSIHNAPPINN til að gangsetja vélina (Mynd 9). Frekari upplýsingar um gangsetningarröðina eru í [Vélin keyrð \(síða 16\)](#).

Hnappur fyrir stefnu blásarastúts

Ýtið á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI eða hnappinn til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI til að snúa blásarastútnum í þá átt sem óskað er eftir (Mynd 9).


Hnappur fyrir snúningshraða vélar

- Ýtið á hnappinn til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR (kanínutákn) til að auka snúningshraða vélarinnar (Mynd 9).

- Ýtið á hnappinn til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR (skjaldbökutákn) til að draga úr snúningshraða vélarinnar.
- Með því að ýta á hnappinn til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR og hnappinn til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR samtímis er vélin stillt aftur á lausagang.

Inngjafarstöng

Notið inngjafarstöngina til að stilla snúningshraða vélarinnar (Mynd 10).



Mynd 10

g341941

- | | |
|-------------------|---------------------|
| 1. Inngjafarstöng | 3. Vinnustundamælir |
| 2. Innsog | |

Innsog

Stillið innsogið með innsogsstönginni við gangsetningu kaldrar vélar (Mynd 10).

Vinnustundamælir


Vinnustundamælirinn (Mynd 10) sýnir heildarfjölda vinnustunda vélarinnar.

Sviss

Notið svissinn (Mynd 11) þegar vélin er gangsett og drepið er á henni af stjórnstokknum. Svissinn er með þrjár stöður:

- STÖÐVUN
- GANGUR/AUKABÚNAÐUR
- RÆSINGARSTAÐA

Ath.: Notið stöðu gangs/aukabúnaðar þegar vinnuvélinni er stjórnað með fjarstýringunni.



Mynd 11

g341833


- | | |
|----------------|-----------------------|
| 1. Svisslykill | 3. GANGUR/AUKABÚNAÐUR |
| 2. STÖÐVUN | 4. GANGSETNING |

Greiningarljós

Greiningarljósið (Mynd 12) er undir vinnustundamælirinum.

Greiningarljósið gefur til kynna stöðu rafeindakerfisins og stöðu tengingar við fjarstýringuna. Greiningarljósið logar til að gefa til kynna eftirfarandi ástand vinnuvélar og fjarstýringar:

- Rafkerfi vinnuvélarinnar virkar eðlilega.
- Þráðlausu stjórneiningin nær ekki tengingu við fjarstýringuna.
- TEC-stjórnþúnaðurinn greinir bilun.



Mynd 12

g342079

- | |
|-------------------|
| 1. Greiningarljós |
|-------------------|

Tæknilýsing

Tæknilýsing fjarskiptabúnaðar

Tíðni	2,4 GHz
Hámarksafl	19,59 dBm

Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir vinnuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á www.Toro.com þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun vinnuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

Notkun

Ath.: Miðað vinstri og hægri hlið vinnubílsins út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Fyrir notkun

Öryggi fyrir notkun

Almennt öryggi

- Aldrei leyfa börnum eða óþjálfuðum einstaklingum að vinna á eða við vinnuvélina. Gildandi reglur á hverjum stað kunna að setja takmörk við aldur stjórnanda. Eigandinn ber ábyrgð á að þjálfra stjórnendur og vélvirkja.
- Kynnið ykkur örugga notkun búnaðarins, stjórnstækjanna og öryggismerkinganna.
- Drepið á vinnubílnum, takið lykिलinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnuvélinni að kólna áður en hún er stillt, þjónustuð, þrífín eða sett í geymslu. Lærið að stöðva vinnuvélina og drepa á vélinni á skjótan máta.
- Tryggið að allar hlífar, öryggisbúnaður og merkingar séu á sínum stað. Gerið við eða skiptið um öryggisbúnað og setjið nýjar merkingar í stað þeirra sem eru ólæsilegar eða vantar. Ekki nota vinnubílinn ef þessir hlutir eru ekki til staðar eða virka ekki rétt.
- Gangið úr skugga um að dráttarvélina henti fyrir notkun með verkfæri af þessari þyngd hjá birgi eða framleiðanda dráttarvélarinnar.
- Gerið ekki breytingar á þessum búnaði.

Öryggi í kringum eldsneyti

- Gætið yfstrustu varúðar við meðhöndlun eldsneytis. Það er mjög eldfimt og eldsneytisgufur eru sprengifimar.
- Drepið í sígarettum, vindlum, pípum og öðrum kveikjuvöldum.
- Notið eingöngu samþykkt eldsneytisílát.
- Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á eldsneytisgeyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
- Fyllið hvorki á né tappið af eldsneyti í lokuðu rými.
- Geymið ekki vinnuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Ef eldsneyti hellist niður skal ekki reyna að gangsetja vélina og forðast að kveikja minnsta neista þar til eldsneytisgufurnar hafa dreifst.

Eldsneytisforskrift

Mikilvægt: Notkun eldsneytis sem ekki hefur verið samþykkt getur valdið neikvæðum áhrifum á afköst og/eða skemmdum á vél sem ekki falla undir ábyrgð.

Gerð	
Lágmarksoktanatala er	87 (BNA) eða 91 (oktantala við rannsóknir; utan BNA)
Etanól*, styrkur	Ekki yfir 10%
Metanólstyrkur	Núll
Styrkur MTBE* (metýltertbutýleter)	Ekki yfir 15%
Olía	Bætið ekki á eldsneytið
*Etanól og MTBE eru ekki eins.	

- Notið aðeins hreint, nýtt (ekki eldra en 30 daga) eldsneyti frá áreiðanlegum dreifingaraðila.
- Ekki geyma bensín í eldsneytisgeyminum eða eldsneytisílátum yfir vetrartímann nema notað sé varðveislufni fyrir eldsneyti.

Notkun varðveislufnis/bætiefnis

Notið varðveislufni/bætiefni fyrir eldsneyti á vinnuvélina til að njóta eftirfarandi ávinnings:

- Heldur eldsneytinu fersku lengur þegar það er notað samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda eldsneytisvarðveislufnisins. Ef um lengri geymslu er að ræða er mælt með því að eldsneytisgeymirinn sé tæmdur.
- Vél er hreinsuð þegar hún gengur
- Komið er í veg fyrir uppsöfnun kvoðu í eldsneytiskerfinu, sem getur truflað gangsetningu

Mikilvægt: Ekki nota íblöndunarefni í eldsneyti sem innihalda metanól eða etanól.

Bætið varðveislufni/bætiefni í nýtt eldsneyti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnisins.

Ath.: Varðveislufni/bætiefni fyrir eldsneyti er best að blanda í ferskt eldsneyti. Notið alltaf varðveislufni fyrir eldsneyti til að lágmarka möguleika á uppsöfnun kvoðu í eldsneytiskerfinu.


Áfylling á eldsneytisgeyminn

Rúmtak eldsneytisgeymis: 18,9 l

Mikilvægt: Notið ekki önnur íblöndunarefni fyrir eldsneyti en eldsneytisvarðveislufni/-bætiefni; sjá [Notkun varðveislufnis/bætiefnis \(síða 13\)](#).

1. Drepið á vélinni.
2. Hreinsið svæðið í kringum eldsneytislokið og skrúfið lokið af ([Mynd 13](#)).

Ath.: Lok eldsneytisgeymisins er með mæli sem sýnir eldsneytisstöðuna.



Mynd 13

1. Eldsneytismælir
2. Eldsneytislok

3. Fyllið eldsneyti á eldsneytisgeyminn þar til yfirborð þess er um 6 til 13 mm fyrir neðan neðri brún áfyllingarstútsins.

Ath.: Þetta býður upp á útpenslurými fyrir eldsneytið. Stútfyllið aldrei eldsneytisgeyma.

4. Skrúfið eldsneytislokið tryggilega aftur á ([Mynd 13](#)).
5. Þurrkið upp eldsneyti sem hellist niður.

Daglegt viðhald

Fara skal í gegnum ferli fyrir hverja notkun/daglegt ferli sem lýst er í [Viðhald \(síða 21\)](#) áður en unnið er á vinnuvélinni í upphafi hvers dags.

Meðan á notkun stendur

Öryggi við notkun

Almennt öryggi

- Eigandinn/stjórnandinn getur komið í veg fyrir og ber ábyrgð á slysum sem geta valdið meiðslum á fólki eða eignatjóni.
- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hlífðargleraugum, síðbuxum, sterkum skófatnaði með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sitt hár í tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.
- Notið ekki vinnuvélina veik, þreytt eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnuvélinni. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Lofti er blásið út af þónokkrum krafti og getur valdið meiðslum eða falli. Haldið öruggri fjarlægð frá blásarastútnum þegar vinnuvélin er í notkun.
- Haldið öllum nærstöddum í öruggri fjarlægð; drepjið á vinnuvélinni ef nærstaddir koma inn á vinnusvæðið, ekki beina stútnum að þeim.
- Ekki nota vinnuvélina þegar hún er ekki tengd við dráttarökutæki.
- Ekki skal láta vélina ganga inni í eða beina blásarastútnum inn í lokað rými án fullnægjandi loftræstingar. Útblástur vélar inniheldur kolsýring, lyktarlausa lofttegund sem er banvæn við innöndun.
- Leyfið aldrei farþega á vinnuvélinni og haldið nærstöddu fólki og gæludýrum í öruggri fjarlægð frá vinnuvélinni meðan á vinnu stendur.
- Vinnið eingöngu á vinnuvélinni með góða yfirsýn til að forðast holur og dular hættur.
- Lítið aftur fyrir og niður áður en bakkað er til að tryggja að leiðin sé greið.
- Sýnið aðgát þegar komið er að blindhornum, runnum, trjám eða öðrum hlutum sem kunna að takmarka útsýnið.
- Látið vélina aldrei ganga á svæðum þar sem útblásturslofttegundir safnast upp.
- Skiljið vinnuvélina aldrei eftir í gangi án eftirlits.
- Áður en stjórnandinn fer úr sæti sínu skal gera eftirfarandi:
 - Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
 - Setjið stöðuhemil dráttarökutækis á.
 - Drepjið á vélinni og takið lykilinn úr (ef hann er til staðar).
 - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.

- Þegar vinnuvélinni er ekið á vegum skal fylgja umferðarreglum og nota allan viðbótarbúnað sem lög kunna að krefjast, svo sem ljós, stefnuljós, merki um hægfara ökutæki og annað sem krafist er.
- Ef vinnuvélin titrar óeðlilega mikið skal stöðva hana tafarlaust, drepa á vélinni, taka lykilinn úr, bíða þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast og leita eftir skemmdum. Gerið við skemmdir áður en vinna hefst.
- Dragjið úr hraða þegar unnið er á ójöfnu undirlagi og nálægt gangstéttarbrúnum, holum og öðrum skyndilegum breytingum á undirlagi.
- Sýnið aðgát í beygjum og forðist hættulegar stefnubreytingar til að koma í veg fyrir að velta vinnuvélinni.


Öryggi í halla

- Brekkur valda mikilli hættu á stjórnmissi eða veltu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða. Stjórnandinn er ábyrgur fyrir öruggri notkun í halla. Sýna þarf sérstaka aðgát þegar vinnuvélinni er ekið í halla.
- Farið yfir tæknilyfsingu dráttarökutækisins til að tryggja að því sé ekki ekið í of miklum halla.
- Metið og kannið aðstæður á vinnusvæðinu til að ákvarða hvort hallinn er öruggur til vinnu. Beitið almennu hyggjuviti og sýnið góða dómgreind við þessa skoðun.
- Farið yfir hallaupplýsingarnar sem taldar eru upp hér að neðan fyrir notkun vinnuvélarinnar í halla. Farið yfir vinnusvæðið, áður en vinnuvélin er notuð, til að ákveða hvort hægt sé að nota hana með hliðsjón af skilyrðum á svæðinu á viðkomandi degi. Breytingar á undirlagi geta leitt til breytinga á notkun vinnuvélarinnar í halla.
 - Forðist að taka af stað, stoppa eða beygja vinnuvélinni í halla. Forðist skyndilegar hraðabreytingar eða stefnubreytingar. Beygið hægt og rólega.
 - Vinnið ekki á vinnuvélinni við neinar aðstæður þar sem grip, stjórn eða stöðugleiki eru skert.
 - Fjarlægið eða merkið hindranir á borð við skurði, holur, hjólför, ójöfnur, grjót eða aðrar dular hættur. Hátt gras getur hulið hindranir. Óslétt undirlag getur valdið því að vinnuvélin velti.
 - Hafði í huga að vinnuvélin getur misst grip þegar unnið er í blautu grasi, þvert á halla eða niður brekku.
 - Gætið fyllstu varúðar þegar unnið er á vinnuvélinni nálægt háum bökkum, skurðum, bökkum, vatni eða annarri hættu. Vinnuvélin getur oltíð mjög skyndilega ef hjól fer út fyrir

brún eða brún gefur sig. Haldið öruggri fjarlægð á milli vinnuvélarinnar og hvers kyns hættu.

Greiningarljós

Greiningarljósið (Mynd 14) gefur til kynna stöðu rafkerfisins og stöðu tengingar við fjarstýringuna.



Mynd 14

g342080

1. Greiningarljós

Blikkkóði við ræsingu kerfis

Blikkkóði við ræsingu kerfis keyrir í hvert skipti sem svissað er á rafkerfi vinnuvélarinnar með eðlilegum hætti.

Blikkkóði við ræsingu kerfis er keyrður þegar svissinum er snúið í GANGSTÖÐU og greiningarljósið blikkar í eftirfarandi mynstri:

- Ljósið lýsir í fimm sekúndur.
- Ljósið slökknar í fimm sekúndur.
- Ljósið blikkar þrisvar sinnum á sekúndu þar til ýtt er á hnapp á fjarstýringunni.

Blikkkóði tengivillu

Blikkkóði tengivillu er keyrður þegar þráðlaus stjórneiningin nær ekki tengingu við fjarstýringuna.

Blikkkóði tengivillu er keyrður þegar svissinum er snúið í GANGSTÖÐU og greiningarljósið blikkar hratt.

Möguleg vandamál í tengingu við fjarstýringu geta verið:

- Þráðlaus stjórneiningin hefur ekki móttengið merki frá fjarstýringunni innan 10 sekúndna frá því að svissað hefur verið á GANGSTÖÐU.
- Fjarstýringin er of langt frá vinnuvélinni.

- Lítil hleðsla er á rafhlöðu fjarstýringarinnar.
- Þráðlaus stjórneiningin er ekki þöruð við fjarstýringu.

Blikkkóði virkrar bilunar

Blikkkóði virkrar bilunar er keyrður þegar TEC-stjórnþúnaðurinn greinir bilun.

Blikkkóði virkrar bilunar er keyrður þegar svissinum er snúið í GANGSTÖÐU og greiningarljósið blikkar í eftirfarandi mynstri:

- Ljósið lýsir í fimm sekúndur.
- Ljósið blikkar hratt (með eða án hléa).

Vélin gangsett

Á stjórnstokki


▲ VARÚÐ

Gangsetning vélarinnar ræsir vinnuvélina tafarlaust sem veldur hættu á að rusl, sandur og ryk sem fýkur af stað skaði nærstadd fólki.

- Haldið nærstöddu fólki í öruggri fjarlægð frá vinnusvæðinu.
- Drepið á vinnuvélinni ef nærstaddir koma inn á vinnusvæðið.

1. Gangið úr skugga um að blásarinn sé tryggilega festur við dráttarbilinn áður en vélin er gangsett.
2. Færið innsogið (Mynd 15) í KVEIKTA stöðu ef vélin er köld.

Ath.: Hugsanlega þarf ekki að nota innsog á volga eða heita vél. Færið innsogið í SLÖKKTA stöðu eftir að vélin er komin í gang.



g341942

Mynd 15

1. Innsog
2. Inngjafarstöng

3. Færið inngjafarstöngina (Mynd 15) mitt á milli hægrar og hraðrar stöðu.
4. Snúið svissinum í GANGSETNINGARSTÖÐU.

Mikilvægt: Haldið ekki svissinum í gangsetningarstöðu lengur en 10 sekúndur í einu. Ef vélin fer ekki í gang skal bíða í 10 sekúndur til að leyfa startaranum að kólna á milli þess sem reynt er að gangsetja. Ef startarinn nær ekki að kólna á milli gangsetningartilrauna er hættu á að hann skemmist.

- Sleppið lyklinum þegar vélin fer í gang.
- Ef innsogið er í KVEIKTRI stöðu skal færa handfangið rólega í SLÖKKTA stöðu þegar vélin er orðin heit.


Drepið á vélinni

Á stjórnstokki

- Færið inngjafarstöngina í 3/4 inngjöf.
- Snúið svissinum í STÖÐVUNARSTÖÐU.

Notkun fjarstýringarinnar

Fjarstýringin verður virk þegar ýtt er á einhvern hnapp. Til að spara rafhlöðuna er fjarstýringin aðeins virk í þrjár sekúndur. Slökkt er sjálfkrafa á henni að þeim tíma liðnum nema ýtt sé á hnapp. Þegar fjarstýringin rennur út á tíma og slökkt er á henni slokknar fjarstýringarljósið (Mynd 16). Fjarstýringin verður virk um leið og ýtt er á hnapp á henni.



Mynd 16

- | | |
|--|--|
| 1. LED-ljós | 5. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI |
| 2. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI | 6. Hnappur til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR |
| 3. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR | 7. Hnappur til að DREPA Á VÉL |
| 4. Hnappur til að GANGSETJA VÉL | |

2,5 klukkustundir án merkis frá fjarstýringunni. Orkusparnaðarstillingin er lágstraumsstaða þráðlausu stjórneiningarinnar. Í orkusparnaðarstillingu er þráðlausu stjórneiningin ekki með tengingu við fjarstýringuna og virkjar ekki úttak né virkni af nokkru tagi.

- Í biðstillingu er vélin ekki í gangi (drepið á henni) og fjarstýringin stjórnar ekki neinni virkni.
- Til að vekja þráðlausu stjórneininguna úr biðstillingu er svissinum snúið í SLÖKKTA stöðu og síðan í GANGSTÖÐU.
- Til að koma í veg fyrir að þráðlausu stjórneiningin sé stillt á biðstillingu skal nota fjarstýringuna til að snúa blásarastútnum eða breyta snúningshraða vélarinnar á 2,5 klukkustunda fresti eða oftar.

Vélin keyrð

Notkun þráðlausu fjarstýringarinnar

⚠ VIÐVÖRUN

Hlutar sem snúast geta valdið alvarlegum meiðslum.

- Haldið höndum, fótum, hári og fatnaði frá öllum hreyfanlegum hlutum til að koma í veg fyrir meiðsli.
- Notið aldrei vinnuvélina ef hlífar hafa verið fjarlægðar.


- Undirbúið vinnuvélina; frekari upplýsingar eru í [Vinnuvélin undirbúin \(síða 16\)](#).
- Framkvæmið gangsetningarröðina; sjá [Framkvæmd gangsetningarraðar \(síða 17\)](#).
- Gangsetjið vélina með fjarstýringunni; sjá [Vélin gangsett \(síða 17\)](#).

Vinnuvélin undirbúin

- Gangið úr skugga um að blásarinn sé tryggilega festur við dráttarökutækið áður en vél blásarans er gangsett.
- Áður en köld vél er gangsett skal færa innsogið ([Mynd 17](#)) í KVEIKTA stöðu.

Ath.: Hugsanlega þarf ekki að nota innsog á volga eða heita vél. Færið innsogið í SLÖKKTA stöðu eftir að vélin er komin í gang.

Þráðlausu stjórneiningin og TEC-stjórnþúnaðurinn eru stillt aftur á orkusparnað (þar til aðgerð er framkvæmd) ef þráðlausu stjórneiningin er óvirk í meira en



Mynd 17

1. Innsog
2. Inngjafarstöng

3. Snúið svissinum í GANG-/AUKABÚNAÐARSTÖÐU.

Ath.: Ef svissinn er skilinn eftir í GANGSTÖÐU í langan tíma skal snúa honum í SLÖKKTA STÖÐU en vélin er gangsett.

4. Framkvæmið gangsetningarröð; sjá [Framkvæmd gangsetningarraðar \(síða 17\)](#).


Framkvæmd gangsetningarraðar

Áður en hægt er að gangsetja vélin með fjarstýringunni þarf að virkja gangsetningarskilyrði vélarinnar sem hér segir:

1. Ýtið á GANGSETNINGARHNAPPINN ([Mynd 18](#)) á fjarstýringunni.

Ath.: Mest mega líða þrjár sekúndur á milli þess sem ýtt er á hnappana. Ef ekki er ýtt á næsta hnappinn í gangsetningarröðinni innan þriggja sekúndna frá hnappinum á undan er sjálfkrafa slökkt á röðinni og byrja þarf frá upphafi til að virkja hana.

Ath.: Ef ýtt er á einhvern annan hnapp en næsta viðeigandi hnapp í röðinni er sjálfkrafa slökkt á röðinni.



Mynd 18

1. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI
2. Hnappur til að GANGSETJA VÉL
3. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI
4. Hnappur til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR

2. Ýtið á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI.
3. Ýtið á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI.

Ath.: Ýta þarf á hnappinn til að GANGSETJA VÉL innan 10 sekúndna eftir að ýtt er á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI til að gangsetja vélin; sjá [Vélin gangsett \(síða 17\)](#).

Vélin gangsett


⚠ VARÚÐ

Gangsetning vélarinnar ræsir vinnuvélin tafarlaust sem veldur hættu á að rusl, sandur og ryk sem fýkur af stað skaði nærstatt fólk.

- Haldið nærstöddu fólk í öruggri fjarlægð frá vinnusvæðinu.
- Drepið á vinnuvélinni ef nærstaddir koma inn á vinnusvæðið.


1. Haldið inni RÆSIHNAPPI VÉLARINNAR ([Mynd 19](#)) á fjarstýringunni þar til vélin fer í gang.

Mikilvægt: Ekki halda hnappinum til að GANGSETJA VÉL lengur en í 10 sekúndur í senn. Ef vélin fer ekki í gang skal bíða í 10 sekúndur til að leyfa startaranum að kólna á milli þess sem reynt er að gangsetja. Ef startarinn nær ekki að kólna á milli gangsetningartilrauna er hættu á að hann skemmist.



Mynd 19

g343720



Mynd 20

g343719

1. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR
2. Hnappur til að GANGSETJA VÉL
3. Hnappur til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR

1. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR
2. Hnappur til að DREPA Á VÉL SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR

2. Ef innsogið er í KVEIKTRI stöðu skal færa handfangið í SLÖKKTA stöðu þegar vélin er orðin heit.

Ath.: Ef vélin stöðvast eða byrjar að hiksta skal færa innsogið aftur að KVEIKTRI stöðu í nokkrar sekúndur og stilla svo snúningshraða vélar á æskilegan hraða. Endurtakið eftir þörfum.


3. Stillið snúningshraða vélarinnar með fjarstýringunni með því að ýta á hnappinn til að AUKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR eða hnappinn til að MINNKA SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR (Mynd 19).

2. Ýtið á hnappinn til að DREPA Á VÉL (Mynd 20).

3. Þegar vinnuvélin er yfirgefin skal snúa svissinum í SLÖKKTA stöðu og taka lykilinn úr.

Stilling stefnu blásarastúts

Snúið stút til vinstri eða hægri með því að ýta á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI eða á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI á fjarstýringunni (Mynd 21).



Mynd 21

g343715

1. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI
2. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI

Ábendingar um gangsetningu vélar

- Tímamörkin lengjast ekki þegar ýtt er á hnappinn til að GANGSETJA VÉL.

Ath.: Startarastjórnun er virk í 10 sekúndur eftir að ýtt er á hnappinn til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI.

- Ef gangsetning vélar rennur út á tíma þarf að byrja upp á nýtt á henni til að hægt sé að gangsetja vélinar með fjarstýringunni.

Ath.: Bíða þarf í 10 sekúndur eftir að hnappinum til að GANGSETJA VÉL er sleppt áður en farið er aftur í gegnum gangsetningarröðina.

- Ef gangsetningarröð er hætt eða gangsetning rennur út á tíma er fjarstýringin stillt aftur á að SNÚA STÚT TIL VINSTRI og SNÚA STÚT TIL HÆGRI.

Drepið á vélinni

1. Ýtið á hnappinn til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR (Mynd 20) á fjarstýringunni til að draga úr snúningshraða vélarinnar (í um það bil 3/4 inngjöf).


Vinnuvélin fjarlægð af vinnusvæðinu

Mikilvægt: Lyftið blásarastútnum áður en vinnuvélin er fjarlægð af vinnusvæðinu. Ef blásarastúturinn er látinn vísa niður meðan á flutningi stendur getur hann rekist í jörðina og skemmst.

Stútsstöðumælir

Stútsstöðumælirinn ([Mynd 22](#)) er á bak við túrbínuhúsið, fyrir ofan eldsneytisgeyminn.

Ath.: Merkingin á stútsstöðumælinum gefur til kynna stöðu stútsins út frá undirlaginu.



Mynd 22

g314786

Sumir hlutar eru faldir til að tryggja skýrari mynd.

1. Rauður bendill
2. Mælir og merking fyrir stöðu stúts
3. Grænn bendill (sést í stútsstöðumæliglugganum; blásarastútur stilltur til vinstri)

Rauður bendill og grænn bendill ([Mynd 22](#)) eru á blásarastútnum.

Stilling stúts

- Þegar rauði bendillinn sést á stútsstöðumælinum er blásarastúturinn stilltur á að blása út til hægri frá vinnuvélinni.
- Þegar græni bendillinn sést á stútsstöðumælinum er blásarastúturinn stilltur á að blása út til vinstri frá vinnuvélinni.


Stúthorn

Bendillinn og mælirinn gefa til kynna horn blásarastútsins á eftirfarandi hátt:


- Þegar bendillinn er á sama litaða svæði á merkingunni gefur það til kynna að opið sé stillt meira samhliða undirlaginu.
- Þegar bendillinn er á svæði í öðrum lit á merkingunni gefur það til kynna að opið sé stillt meira í átt að undirlaginu.

Notkun aukabúnaðarljósa

1. Ef vélin er ekki í gangi skal snúa svissinum í GANG-/AUKABÚNAÐARSTÖÐU.
2. Til að KVEIKJA eða SLÖKKVA á ljósinu er ýtt á fjarstýringarhnappana ([Mynd 23](#)) í eftirfarandi röð:
 - A. Hnappur til að GANGSETJA VÉL
 - B. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR



g342134



Mynd 23

g343717

1. Hnappur til að DRAGA ÚR SNÚNINGSHRAÐA VÉLAR
2. Hnappur til að GANGSETJA VÉL

Ráðleggingar um notkun

- Æfið notkun blásarans. Blásið í sömu átt og vindurinn blæs til að koma í veg fyrir að efni fjúki aftur inn á hreinsaða svæðið.
- Keyrið vélina á fullri inngjöf þegar verið er að blása rusli af vinnusvæði.
- Stillið stöðu blásarastútsins þannig að loftinu sé blásið undir ruslið.
- Sýnið aðgát þegar blásið er torf sem nýbúið er að leggja; loftstraumurinn getur valdið skaða á grasinu.

Eftir notkun

Öryggi eftir notkun

Almennt öryggi

- Leggið vinnuvélinni á stöðugu og jöfnu yfirborði; drepjið á vélinni, takið lykilmann úr, bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu stöðvist og leyfið vinnuvélinni að kólna áður hún er stillt, gert er við hana, hún þrífir eða sett í geymslu.
- Aftengið vinnuvélina eingöngu frá dráttarökutækini á jafnsléttu.
- Þegar vinnuvélin er aftengd skal alltaf skorða hjólin til að koma í veg fyrir að hún renni af stað.
- Geymið ekki vinnuvélina eða eldsneytisílát nærri óvörðum lögum, neistaflugi eða kveikilögum, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Haldið öllum hlutum vinnuvélarinnar í góðu ásigkomulagi og tryggið að vélbúnaður sé vel hertur.
- Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar og setjið nýjar í stað merkinga sem vantar.

Öryggi við drátt

- Áður en vinnuvélin er dregin skal stjórnandi kynna sér staðbundnar reglugerðir um drátt eftirvagna, auk þess sem fylgja skal öryggisreglugerðum Samgöngustofu um drátt eftirvagna.
- Drepið alltaf á vélinni og beinið blásarastútnum upp áður en hann er fluttur.
- Notið eingöngu vinnuvélar með sérstöku tengibúnaði til að draga tengitæki/eftrivagna. Tengid tengitæki/eftrivagna eingöngu við tengibúnaðinn.
- Leitið alltaf eftir slitum á tengibúnaðinum. Ekki draga vinnuvélina ef hún er skemmd eða tengibúnað eða keðjur vantar.
- Kannið loftþrýsting í hjólbörðum vinnuvélarinnar. Loftþrýstingur í köldum hjólbörðum á að vera 241 kpa (35 psi). Kannið einnig slit hjólbörðanna.
- Festið öryggiskeðjur vinnuvélarinnar ávallt tryggilega við dráttarökutækið.
- Ekki draga vinnuvélina hraðar en 88 km/klst. Ráðlagður hraði við drátt utan vegar er ekki meiri en 24 km/klst.
- Forðist að nema staðar og taka af stað skyndilega. Slíkt getur valdið því að ökutækið renni til eða þá að blásarinn leggjist upp að dráttarökutækini. Betri dráttur er tryggður með því að taka af stað og stöðva með mjúkum og samfelldum hætti.

- Forðist krappar beygjur til að koma í veg fyrir veltu.
- Skorðið hjólin eftir að lagt er til að blásarinn renni ekki af stað.

Notkun fjarstýringar

- Ef ekki er farið eftir öryggisráðstöfunum getur það leitt til bilunar í búnaði, afturköllunar heimilda til notkunar búnaðarins og meiðsla á fólki.
- Notið réttar raflagnir og viðhaldið þeim á viðeigandi hátt. Fylgið leiðbeiningum framleiðanda búnaðarins. Rangar, lausar og slitnar raflagnir geta valdið kerfisbilun, skemmdum á búnaði og truflunum á vinnu.
- Breytingar á vinnuvélinni sem ekki eru sérstaklega samþykktar af framleiðanda ógilda ábyrgðina.
- Eigandi vinnuvélarinnar og stjórnendur verða að hlíta öllum gildandi lögum um uppsetningu og rekstur vélarinnar í viðkomandi landi, ríki eða stað. Sé þessu ekki fylgt getur það leitt til viðurlaga og ógilt heimild notandans til að nota vinnuvélina.
- Gangið úr skugga um að enginn sé á eða við vinnuvélina eða svæðið í kring áður en notkun hefst. Ekki virkja fjarstýringuna fyrr en tryggt er að það sé í lagi.
- Notið rakan klút til að þrifa fjarstýringuna. Fjarlægjið leðju, steypu og óhreinindi eftir vinnu til að koma í veg fyrir að hnappar, handföng, raflagnir og rofar verði stíf eða stíflist.
- Komið í veg fyrir að vökvi komist inn í fjarstýringuna eða grunneininguna. Ekki nota háþrýstibúnað til að þrifa fjarstýringuna eða grunneininguna.
- Notið og geymið vinnuvélina eingöngu við tilgreint vinnslu- og geymsluhitastig.

Flutningur

- Sýnið aðgát þegar vinnuvélin er sett á eða tekin af kerru eða vagni.
- Notið skábrautir í fullri breidd þegar vinnuvélinni er ekið upp á eftirvagn eða vörubílsþall.
- Bindið vinnuvélina tryggilega niður með stroffum, keðjum eða reipum. Stroffur að framan og aftan eiga að liggja niður og út frá vinnuvélinni.

Viðhald

Ath.: Miðað vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

Ath.: Farið á www.Toro.com og leitið að viðkomandi vinnuvél í gegnum handbókartengilinn á heimasíðunni til að sækja ókeypis eintak af teikningum rafkerfis eða vökvakerfis.

Öryggi við viðhaldsvinnu

- Gerið eftirfarandi áður en vinnuvélin er þrífín, þjónustuð eða stillt:
 - Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu.
 - Drepið á vélinni, takið lykिलinn úr, aftengið kertin og bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu hafi stöðvast.
 - Skorðið dekkinn.
 - Losið vinnuvélina frá dráttarvélinni.
 - Látið íhluti vélarinnar kólna áður en viðhaldi er sinnt.
- Framkvæmið aðeins viðhald samkvæmt leiðbeiningum í þessari handbók. Ef þörf er á miklum viðgerðum eða aðstoð skal hafa samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
- Styðjið við vinnuvélina með blökkum eða búkkum þegar unnið er undir henni.
- Tryggið að allar hlífar séu á sínum stað að viðhaldi eða stillingu vinnuvélarinnar lokinni.
- Ekki leyfa óþjálfuðu starfsfólki að þjónusta vinnubílinn.
- Notið búkka til að styðja við vinnuvélina eða íhluti þegar á þarf að halda.
- Losið varlega uppsafnaðan þrýsting í íhlutum.
- Ekki hlaða rafgeyminn á meðan unnið er við vinnubílinn.
- Til að draga úr eldhættu skal hreinsa smurfeiti, gras, lauf og óhreinindi úr vélarrýminu.
- Ekki sinna viðhaldi með vélina í gangi, ef því verður við komið. Haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.
- Ef vélin þarf að vera í gangi við stillingu skal halda höndum, fótum, fatnaði og öðrum líkamshlutum fjarri vélinni og hlutum á hreyfingu. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá vinnubílnum.
- Hreinsið upp olíu og eldsneyti sem lekur niður.
- Haldið öllum hlutum í góðu ásigkomulagi og tryggið að festingar séu vel hertar. Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar.
- Ekki breyta ætlaðri virkni öryggisbúnaðar eða skerða þá vörn sem öryggisbúnaður veitir. Kannið hvort hann virki rétt með reglulegu millibili.
- Ekki setja vélina í yfirsnúning með því að breyta stillingum gangráðsins. Látið kanna hámarksnúningsshraða vélar með snúningshraðamæli hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro til að tryggja öryggi og nákvæmni.
- Ef þörf er á meiriháttar viðgerðum eða aðstoð skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.
- Hvers kyns breytingar á vinnubílnum kunna að hafa áhrif á virkni hans, afköst eða endingu, auk þess sem hætta skapast á meiðslum á fólki eða dauða. Slík notkun getur fellt úr gildi vöruábyrgð Toro Company.

Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none">Athugið ástand og strekkingu reimarinnar.
Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none">Kannið herslu á felguróm.
Fyrir hverja notkun eða daglega	<ul style="list-style-type: none">Athugið stöðu smurolíu.Hreinsið vélarsíuna og olíukælinn.Kannið loftþrýsting í hjólbörðum.Skoðið klemmu blásarastútsins.Hreinsið stýribrautir stútsins.
Á 25 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none">Hreinsið svamp loftsíunnar og leitið að skemmdum á síueiningunni. (oftar þegar unnið er í miklu ryki eða sandi).
Á 50 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none">Athugið ástand og strekkingu reimarinnar.
Á 100 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none">Skiptið um síueiningu loftsíunnar (oftar þegar unnið er í miklu ryki eða sandi).Skiptið um smurolíu. Skiptið oft看 um olíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.Skoðið ástand hjólbarðanna.
Á 200 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none">Skiptið um olíusíuna. Skiptið oft看 um olíusíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.Skoðið kertin.Skiptið um kolefnishylkisloftsíuna (oftar þegar unnið er í miklu ryki eða sandi).Skiptið um kolefnishylki losunarleiðslusíunnar.
Á 500 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none">Skiptið um eldsneytissíu.

Mikilvægt: Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notendahandbók vélarinnar.

Gátlisti fyrir daglegt viðhald

Afritið þessa blaðsíðu til að skrá reglubundið viðhald.

Viðhaldsatriði	Vika:						
	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
Athugið stöðu smurolíu.							
Hreinsið vélarsíuna og olíukælinn.							
Skoðið forhrensara loftsíunnar.							
Kannið loftþrýsting í hjólbörðum.							
Athugið herslu festiklemmu bláasarastútsins							
Hreinsið stýribrautir stútsins.							
Hlustið eftir óeðlilegum vélarhljóðum.							
Leitið eftir leka.							
Lagið lakkskemmdir.							

Athugasemdir um atriði/svæði sem þarf að athuga betur		
Skoðun framkvæmd af:		
Atriði	Dagsetning	Upplýsingar

Undirbúningur fyrir viðhald

▲ VARÚÐ

Ef viðeigandi viðhaldi er ekki sinnt á vinnubílnum er hættu á ótímabærri bilun í kerfum bílsins, sem sett getur stjórnanda eða nærstadda í hættu.

Sinnið reglulegu viðhaldi á vinnubílnum og haldið honum í góðu ásigkomulagi, eins sagt er til um í þessum leiðbeiningum.

▲ VIÐVÖRUN

Ef lykillinn er skilinn eftir í svissinum getur hver sem er óvart gangsett vélina og valdið alvarlegum meiðslum á stjórnanda eða öðrum nærstöddum.

Takið lykilinn úr svissinum og aftengið kertavírinn áður en viðhaldi er sinnt. Setjið vírana til hliðar til að þeir komist ekki í snertingu við kertin.

Vinnuvélin undirbúin

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu.
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu hafi stöðvast.
3. Skorðið dekkinn.
4. Losið vinnuvélina frá dráttarvélinni.
5. Látið íhluti vélarinnar kólna áður en viðhaldi er sinnt.
6. Tengjið kertavírinn.

Undirbúningur vinnuvélar fyrir rafsuðuviðgerðir

Mikilvægt: Ef rafhlaðan er ekki aftengd er hættu á varanlegum skemmdum á þráðlausu stjórneiningunni og TEC-stjórnþúnaðinum.

- Aftengið mínuskaþalinn frá rafgeyminum áður en suðuvinna fer fram á vinnuvélinni.
- Tengjið mínuskaþalinn við rafgeyminn þegar suðuvinnu er lokið.

Viðhald vélar

Vélaröryggi

- Drepið á vélinni áður en olían er könnuð eða olíu hellt á sveifarhúsið.
- Ekki breyta gangráðshraðanum eða setja vélina á yfirsnúning.

Unnið við loftsíuna


Viðhaldstími: Á 25 klukkustunda fresti—Hreinsið svamp loftsíunnar og leitið að skemmdum á síueiningunni. (oftar þegar unnið er í miklu ryki eða sandi).

Á 100 klukkustunda fresti—Skiptið um síueiningu loftsíunnar (oftar þegar unnið er í miklu ryki eða sandi).

Loftsía athuguð

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Leitið eftir skemmdum á loftsíunni sem mögulega gætu valdið loftleka. Gangið úr skugga um að hlífín í kringum loftsíuna sé þéttlokuð ([Mynd 24](#)).

Ath.: Skiptið um skemmda loftsíuhlíf eða loftsíuhús.



Mynd 24

1. Loftsíuklinka
2. Loftsíuhús
3. Loftsíueining

3. Losið klinkurnar sem festa loftsíuhlífina við loftsíuhúsið ([Mynd 24](#)).
4. Aðskiljið loftsíuhlífina frá loftsíuhúsinu, og hreinsið hlífina að innanverðu ([Mynd 24](#)).
5. Rennið loftsíueiningunni gætilega úr loftsíuhúsinu.

Ath.: Forðist að reka síuna utan í loftsiuhúsið til að dreifa ekki ryki út um allt.

6. Skoðið loftsiueininguna.


Ath.: Skoðið þéttienda síunnar.

Mikilvægt: Skiptið um skemmda síu.

- Ef loftsiueiningin er hrein skal setja síueininguna í; sjá [Uppsetning loftsiú \(síða 25\)](#).
- Ef loftsiueiningin er skemmd skal skipta um síueiningu; sjá [Skipt um loftsiú \(síða 25\)](#) og [Uppsetning loftsiú \(síða 25\)](#).

Skipt um loftsiú

1. Hreinsið útfallsop fyrir óhreinindi sem er á loftsiuhlífinni.
2. Fjarlægið úttakslokann úr gúmmíi af lokinu, hreinsið opið og skiptið um úttakslokann.
3. Losið klinkurnar sem festa loftsiuhlífina við loftsiuhúsið og fjarlægið hlífina ([Mynd 25](#)).



Mynd 25

g002097

1. Loftsiuklinka
2. Loftsiuhús
3. Loftsiueining

4. Rennið loftsiueiningunni ([Mynd 25](#)) gætilega úr loftsiuhúsínu.

Ath.: Forðist að reka síuna utan í loftsiuhúsið til að dreifa ekki ryki út um allt.

5. Kannið hvort nýja sían hafi skemmst í flutningum.

Ath.: Skoðið þéttienda síunnar.

Mikilvægt: Ekki setja skemmda síu í.

Uppsetning loftsiú


Mikilvægt: Notið vélina ávallt með allri loftsiusamstæðunni í til að koma í veg fyrir að vélin skemmist.

Mikilvægt: Ekki nota skemmda síu.

Ath.: Ekki er ráðlagt að þrifa notuðu loftsiueininguna vegna þess að efni síunnar kann að skemmast.

1. Hreinsið útfallsop fyrir óhreinindi sem er á loftsiuhlífinni.
2. Fjarlægið úttakslokann úr gúmmíi af lokinu, hreinsið opið og skiptið um úttakslokann.
3. Setjið loftsiueininguna í loftsiuhúsið ([Mynd 26](#)).

Ath.: Gangið úr skugga um að sían sé nógu þétt með því að ýta á ytri brún síunnar þegar hún er sett í. Ekki ýta á sveigjanlegan miðhluta síunnar.



Mynd 26

g002097


1. Loftsiuklinka
2. Loftsiuhús
3. Loftsiueining

4. Stillið loftsiuhlífina af við loftsiuhúsið og festið hlífina við húsið með klinkunum ([Mynd 26](#)).

Forskriftir vélarolíu

Gerð olíu: Hreinsiolía (API-flokkun SJ eða hærri)

Seigjustig olíu: Sjá töfluna að neðan:



Mynd 27


g341978

Smurolíuhæð könnuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Ath.: Ráðlagt er að athuga smurolúhæðina þegar vélin er köld og áður en vélin hefur verið gangsett þann daginn. Ef vélin hefur þegar verið gangsett skal bíða í a.m.k. 10 mínútur áður en smurolúhæðin er athuguð.


1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Þrífið svæðið í kringum olúkvarðann og olúafyllingarlokið á ventlahlífinni ([Mynd 28](#) og [Mynd 29](#)).



Mynd 28

g341987

1. Olúkvarði




Mynd 29

g341990

1. Olúafyllingarlok(ventlahlíf)
3. Takið olúkvarðann úr og strjúkið af honum ([Mynd 28](#)).
4. Setjið olúkvarðann alla leið niður í olúkvarðarörið ([Mynd 30](#)).
5. Dragið olúkvarðann út og skoðið endann.

Ath.: Olúhæðin á að vera við efri hluta merkingarinnar á kvarðanum.



Mynd 30

g341993

1. Olúhæðarsvið (kvarði)

6. Ef olúhæðin er undir merkingunni á olúkvarðanum skal skrúfa olúafyllingarlokið af, fylla á með tilgreindri smurolú þar til olúhæðin er við efri hluta merkingarinnar og setja olúafyllingarlokið aftur á; sjá [Forskriftir vélarolíu \(síða 25\)](#).

Mikilvægt: Yfirfyllið ekki sveifarhúsið með olíu og gangsetjið vélina þannig. Slíkt getur valdið skemmdum á vélinni.

7. Setjið olúkvarðann alla leið niður í olúkvarðarörið.

Skipt um olíu

Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti Skiptið oftast um olíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.


Rúmtak sveifarhúss: 2 l – með síunni

1. Gangsetjið vélina og látið hana ganga í fimm mínútur.
Ath.: Auðveldara er að tappa heitri olíu af.
2. Leggið vinnuvélina þannig að aftöppunarhliðin sé örlítið neðar en gagnstæð hlið til að tryggja að öll olían renni út.
3. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hreyfanlegir hlutar hafi stöðvast áður en staðið er upp úr sæti stjórnanda.
4. Setjið ílát undir afrennslið. Snúið olúafrennslið til að tappa olúnni af ([Mynd 31](#)).

Ath.: Hægt er að renna slöngu upp á afrennslið til að auðveldara sé að hafa stjórn á olúrennslinu. Slangan fylgir ekki með vinnuvélinni.

- Lokið afrennslislokanum eftir að búið er að tappa allri olíunni af.


Ath.: Fargið notuðu olíunni á endurvinnslustöð.



Mynd 31

- Olíuafrennslisloki
- Olíuafrennslisslanga (fylgir ekki með)

- Hellið rólega um það bil 80% af tilgreindri olíu í áfyllingarstúttinn (Mynd 32) á ventlahlífinni; sjá Forskriftir vélarolíu (síða 25).



Mynd 32

- Olíuáfillingarlok (ventlahlíf)

- Kannið olíuhæðina; sjá Smurolíuhæð könnuð (síða 25).

- Fyllið rólega á olíu til að ná olíuhæðinni upp að efri hluta merkingarinnar á olíukvarðanum.


Skipt um olíusíu

Viðhaldstími: Á 200 klukkustunda fresti Skiptið oftast um olíusíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.

Rúmtak sveifarhúss: 2 l – með síunni

- Tappið olíunni af vélinni; sjá Skipt um olíu (síða 26).

- Fjarlægjið gömlu síuna og þurrkið af pakkningarsvæðinu (Mynd 33).




Mynd 33

- Olíuáfillingarlok (ventlahlíf)
- Olíusía

- Berið þunnt lag af nýrri olíu á gúmmípakkninguna á nýju síunni (Mynd 33).

- Setjið nýju olíusíuna á síutengið, snúið olíusíunni réttisælís þar til gúmmíþéttið snertir síutengið og herðið svo síuna um 2/3 til einn snúning í viðbót (Mynd 34).



Mynd 34

- Olíusía
- Pakkning
- Tengistykki

- Fjarlægjið olíuáfillingarlokið (Mynd 33) og fyllið á vélina með 2 l af tilgreindri olíu; sjá Forskriftir vélarolíu (síða 25) og Skipt um olíu (síða 26).

- Látið vélina ganga í um þrjár mínútur, dreypið síðan á vélinni og athugið hvort olía leki í kringum olíusíuna.

- Athugið smurolíuhæðina og bætið við smurolíu ef með þarf.

Viðhald kerta


Gerð kertis: Champion® RC12YC, Champion® Platinum 3071 eða samsvarandi

Loftbil: 0,76 mm

Kertin skoðuð

Viðhaldstími: Á 200 klukkustunda fresti

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Hreinsaðu svæðið í kringum kertin ([Mynd 35](#)).




Mynd 35

1. Kertavír

3. Aftengið kertavírana frá kertunum ([Mynd 35](#)).
4. Fjarlægjið kertið og pakkninguna með kertalykli.
5. Skoðið miðju kertanna ([Mynd 36](#)). Ef brúnn eða grár litur sést á einangruninni vinnur vélin rétt. Svört húð á einangruninni gefur yfirleitt til kynna að loftsían sé skítug.

Ath.: Ef kertið er skemmt eða slitið skal setja nýtt kerti í.



Mynd 36

1. Hliðarrafskaut
2. Miðjurafskaut
3. Einangrari
4. Loftbil: 0,75 mm

Mikilvægt: Skiptið alltaf um kerti ef það er þakið svörtum óhreinindum, með slitin rafskaut, olíuborið eða sprungið.

6. Mælið loftbilið á milli miðju- og hliðarrafskautanna ([Mynd 36](#)). Loftbilið ætti að vera 0,76 mm.


Ath.: Ef loftbilið er ekki rétt skal beygja hliðarrafskautið til að stilla loftbilið.

7. Skrúfið kertið í vélina og herðið kertið í 27 N m (20 ft-lb).
8. Endurtakið skref 2 til 6 á hinum strokknum.

Vélarsían og olíukælirinn hreinsuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Skoðið og hreinsið vélarsíuna og olíukælinn fyrir hverja notkun. Hreinsið uppsafnað gras, mold og önnur óhreinindi af olíukælinum og vélarsíunni ([Mynd 37](#)).



Mynd 37

1. Vélarsía
2. Olíukælir


Viðhald eldsneytiskerfis

Kolefnishylkið þjónustað

Skipt um kolefnishylkisloftsíu

Viðhaldstími: Á 200 klukkustunda fresti

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Fjarlægð og fargið kolefnishylkisloftsíunni ([Mynd 38](#)).



Mynd 38

1. Kolefnishylki
2. Kolefnishylkisloftsía


3. Setjið nýju loftsíuna í.

Skipt um kolefnishylki losunarleiðslusíunnar

Viðhaldstími: Á 200 klukkustunda fresti

Ath.: Leitið endrum og eins eftir óhreinindum í losunarleiðslusíunni. Skiptið um síuna ef hún virðist vera óhrein.

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Færið fjaðurspenntu hosuklemmurnar báðum megin við kolefnishylki losunarleiðslusíunnar frá síunni ([Mynd 39](#)).



Mynd 39

1. Kolefnishylki losunarleiðslusíu
2. Einstefnuloki


3. Fjarlægð kolefnishylkið og fargið því ([Mynd 39](#)).
4. Setjið nýja síu í slönguna þannig að örin á síunni vísi í átt að einstefnulokaum og festið hana með hosuklemmunum ([Mynd 39](#)).

Skipt um eldsneytissíu

Viðhaldstími: Á 500 klukkustunda fresti

Setjið aldrei skítuga síu aftur í eftir að hún hefur verið fjarlægð af eldsneytisleiðslunni.

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Bíðið þar til vinnuvélin hefur kólnað.
3. Kreistið saman endana á hosuklemmunum og rennið þeim frá síunni ([Mynd 40](#)).



g342101

Mynd 40

- | | |
|------------------|---------------------|
| 1. Eldsneytissía | 3. Eldsneytisslanga |
| 2. Hosuklemma | |

4. Fjarlægið síuna úr eldsneytisleiðslunum.
5. Setjið nýja síu í og færið hosuklemmurnar nálægt eldsneytissíunni ([Mynd 40](#)).

Unnið við eldsneytisgeymi

⚠ HÆTTA

Við sérstakar aðstæður getur eldsneyti verið sérstaklega eldfimt og mjög sprengifimt. Eldur eða sprenging af völdum eldsneytis getur valdið brunasárum og eignatjóni.

- Tappið eldsneyti af eldsneytisgeyminum þegar vélin er orðin köld. Þetta skal gera utan dyra og á opnu svæði. Þurrkið upp allan eldsneytisleka.
- Aldrei reykja þegar eldsneyti er tappað af og haldið eldsneyti fjarri opnum eldi, annars er hættu á að neistaflug geti kveikt í eldsneytisgufum.

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutir hafi stöðvast áður en staðið er upp úr sætinu.
3. Losið hosuklemmuna við eldsneytissíuna og rennið henni upp eldsneytisleiðsluna í áttina frá eldsneytissíunni ([Mynd 40](#)).
4. Aftengið eldsneytisleiðsluna frá eldsneytissíunni ([Mynd 40](#)).


Ath.: Tappið eldsneytinu af í eldsneytisílát eða afrennslispönnu ([Mynd 40](#)).

Viðhald rafkerfis

Mikilvægt: Áður en rafsuðuvinna fer fram á vinnuvélina skal aftengja stjórnbúnaðinn og taka mínuskapalinn úr sambandi við rafgeyminn til að koma í veg fyrir skemmdir á rafkerfinu.

Öryggi tengt rafkerfi

- Aftengið rafgeyminn áður en gert er við vinnuvélina. Aftengið mínusskautið fyrst og plússkautið síðast. Tengjið plússkautið fyrst og mínusskautið síðast.
- Hlaðið rafgeyminn á opnu og vel loftræstu svæði, fjarri neistum og opnum eldi. Takið hleðslutækið úr sambandi áður en rafhlaðan er tengd eða aftengd. Klæðist hlífðarfatnaði og notið einangruð verkfæri.



Mynd 42


1. Vél
2. Hlíf á öryggjaboxi
3. Öryggjabox

g233941

Öryggi

Skipt um öryggi vélarinnar

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Hjá startaramótornum skal skilja í sundur öryggjafestingu rafleiðslukerfis vélarinnar ([Mynd 41](#)).



Mynd 41

g233945


1. Öryggi
2. Startari

3. Fjarlægjið opna öryggið úr öryggjafestingunni.
4. Setjið nýtt öryggi (30 A) í öryggjafestinguna.
5. Setjið öryggjafestinguna saman ([Mynd 41](#)).

Skipt um öryggi vinnuvélarinnar

1. Fjarlægjið lok öryggjaboxins innan í stjórnstokknum að framan ([Mynd 42](#)).

2. Fjarlægjið opna öryggið úr öryggjaboxinu ([Mynd 42](#)).
3. Setjið nýtt öryggi í öryggisboxið ([Mynd 43](#)).



Mynd 43

g341792

1. Öryggi F-3 (15 A – rafknúinn aukabúnaður)
2. Öryggi F-1 (7,5 A)
3. Öryggi F-4 (2 A – TEC-stjórnþúnaður)
4. Öryggi F-2 (7,5 A)

4. Setjið lokið á öryggjaboxið

Öryggjaboxið er hluti af rafleiðslukerfi vinnuvélarinnar. Það er á bak við móttökutækið á hægri hlið stjórnstokksins ([Mynd 42](#)).


Viðhald drifkerfis

Loftþrýstingur hjólbarða kannaður

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

Kannið þrýsting í hjólbörðum ([Mynd 44](#)).


Réttur loftþrýstingur í hjólbörðum er 96,5 kPa (14 psi).



G001055

Mynd 44

g001055




G010294

Mynd 45

g010294

1. Dæmi um slit hjólbarða vegna of lítills loftþrýstings

[Mynd 46](#) er dæmi um slit hjólbarða vegna of mikils loftþrýstings.



G010293

Mynd 46

g010293

1. Dæmi um slit hjólbarða vegna of mikils loftþrýstings

Hersla felguróa

Viðhaldstími: Eftir fyrstu 10 klukkustundirnar

▲ VIÐVÖRUN

Ef réttri herslu er ekki viðhaldið getur það leitt til þess að hjól bili eða losni af.

Herðið felgurærnar í 95 til 122 Nm (70 til 90 ft-lb).

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Herðið felgurærnar í 95 til 122 Nm (70 til 90 ft-lb).

Hjólbarðaskoðun

Viðhaldstími: Á 100 klukkustunda fresti

Óhöpp við vinnu geta valdið skemmdum á hjólbörðum eða felgum. Skoðið því ástand hjólbarða eftir slík óhöpp.

DOT-hjólbarðaupplýsingarnar eru staðsettar á hlið hvers hjólbarða. Þessar upplýsingar sýna uppgefið gildi fyrir burðargetu og hraða. Þegar skipt er um hjólbarða skal nota hjólbarða með sömu eða meiri uppgefinni getu.

[Mynd 45](#) er dæmi um slit hjólbarða vegna of lítills loftþrýstings.

Viðhald reimar


Stilling á strekkingu stútsýringarreimar

Viðhaldstími: Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar

Á 50 klukkustunda fresti

Ef stútsýringarreimin snuðar þegar stefna stútsins er stillt þarf að stilla strekkingu reimarinnar.

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Losið boltana tvo og sjálflæsandi rænar tvær sem festa móturfestinguna við húsfestinguna á grind vinnuvélarinnar ([Mynd 47](#)).



Mynd 47

G015845
g015845


- | | |
|------------------------|---|
| 1. Festiboltar | 4. Herslumælir í trissufestingu – 22,6 til 26,0 N·m (200 til 230 in-lb) |
| 2. Trissa | 5. Reim |
| 3. Gat fyrir átaksmæli | |
3. Stingið átaksmælinum í trissufestinguna eins og sýnt er á [Mynd 47](#).
 4. Snúið móturfestingunni frá blásarastútnum ([Mynd 47](#)) þar til átaksmælirinn sýnir 22,6 til 26,0 N·m (200 til 230 in-lb).
 5. Haldið reiminni strekktri á meðan boltarnir tveir og sjálflæsandi rænar tvær eru hert.

Viðhald blásara

Klemma blásarastúts skoðuð

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Leitið eftir sliti eða skemmdum á klemmu blásarastútsins ([Mynd 48](#)).



Mynd 48


1. Klemma blásarastúts
-
3. Skoðið klemmu blásarastútsins daglega til að tryggja að hún haldi vel við ([Mynd 48](#)).
- Mikilvægt:** Klemma blásarastútsins getur losnað ef blásarastúturinn rekst í hindrun eða jörðina.
4. Ef klemman er laus skal herða ró hennar í 5,1 til 5,7 N·m (45 til 50 in-lb).

Hreinsun stýribrauta stúts

Viðhaldstími: Fyrir hverja notkun eða daglega

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Fjarlægjið gras, óhreinindi eða uppsöfnun óhreininda við og á milli stýribrauta stútsins ([Mynd 49](#)).

Ath.: Ef óhreinindi eru til staðar á stýribrautum getur það heft snúning stútsins og mögulega valdið skemmdum á mótornum.



Mynd 49

1. Stýribrautir stúts

Viðhald fjarstýringar

Fjarstýring og þráðlaus stjórneining

Fjarstýringin þarf að ná tengingu við þráðlausu stjórneininguna til að hægt sé að nota fjarstýringarkerfið. Fjarstýringin er tengd við þráðlausu stjórneininguna í verksmiðjunni. Þegar endurheimta þarf tengingu milli fjarstýringar og þráðlausrar stjórneiningar (t.d. þegar ný fjarstýring eða aukafjarstýring er tengd við fyrirliggjandi grunneiningu eða þegar skipta þarf um tíðni vegna staðbundinna truflana) er frekari upplýsingar að finna í [Tenging fjarstýringarinnar og stjórneiningarinnar \(síða 34\)](#).


Aðeins er hægt að tengja Pro Force-fjarstýringu við þráðlausu Pro Force-stjórneininguna. Þegar Pro Force-fjarstýring er tengd við aðra þráðlausu Pro Force-stjórneiningu er fjarstýringin aftengd frá upprunalegu Pro Force-vinnuvélinni.

Ath.: Staðbundin truflun við notkun getur aftengt fjarstýringuna frá þráðlausu stjórneiningunni. Þráðlausu stjórneiningin velur bestu tíðnina af mörgum mögulegum þegar tengingu er komið á og af þeim sökum skal færa vinnuvélina á svæði þar sem truflun eða aftenging átti sér stað og endurtaka tengingafærlíð til að tryggja bestu mögulegu tengingu.

Tenging fjarstýringarinnar og stjórneiningarinnar

Mikilvægt: Lesið yfir allt ferlið áður en hafist er handa.

1. Búið vinnuvélina undir viðhald; sjá [Vinnuvélin undirbúin \(síða 24\)](#).
2. Snúið svissinum í STÖÐVUNARSTÖÐU.
3. Haldið á fjarstýringunni nálægt þráðlausu stjórneiningunni stjórnborðinu á opnu svæði í beinni og óheftri sjónlínu við loftnetið ([Mynd 50](#)).




Mynd 50

g343880

4. Haldið hnappinum til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI og hnappinum til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI samtímis inni (Mynd 51).

Ath.: LED-ljósið blikkar um það bil einu sinni á sekúndu.



Mynd 51

g343716

1. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI
2. Hnappur til að SNÚA STÚT TIL HÆGRI

5. Haldið báðum hnöppunum inni þar til LED-ljósið byrjar að blikka um það bil tvisvar á sekúndu.
6. Sleppið báðum hnöppum.
7. Haldið hnappinum til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI inni (Mynd 51).

Ath.: LED-ljósið blikkar um það bil tvisvar á sekúndu.

8. Haldið hnappinum til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI (Mynd 51) áfram inni og snúið svissinum í GANGSTÖÐU.

Ath.: LED-ljósið á að loga stöðugt ef ferlið heppnast. Það getur tekið allt að 20 sekúndur þar til LED-ljósið logar stöðugt.

9. Sleppið hnappinum til að SNÚA STÚT TIL VINSTRI (Mynd 51) og snúið svissinum í STÖÐVUNARSTÖÐU.

Ath.: Fjarstýringarkerfið er tilbúið til notkunar með viðkomandi fjarstýringu.


Skipt um rafhlöður í fjarstýringu

Tæknilýsing rafhlaða: AAA (1,5 V)

Magn: 4

1. Losið skrufurnar sex sem festa fram- og afturhlíð fjarstýringarinnar saman og fjarlægið bakhliðina (Mynd 52).

Ath.: Hafið gúmmípéttið og stálpéttið í rásinni, ef hægt er, þegar bakhliðin og rafhlöðurnar eru fjarlægðar.



Mynd 52


g341770

- | | |
|--------------|-------------------|
| 1. Skrufa | 5. AAA-rafhlöður |
| 2. Bakhlið | 6. Spottapinni |
| 3. Pétti | 7. Spottahringur |
| 4. Stálpétti | 8. Hlíf að framan |


2. Fjarlægið tómu rafhlöðurnar og fargið þeim í samræmi við gildandi reglur á hverjum stað.
3. Verið vakandi fyrir skautun rafhlaða eins og sýnt er á Mynd 53 þegar nýjar rafhlöður eru settar í rafhlöðuhólfið.

Ath.: Fylgið skautamerkingunum (Mynd 53) í rafhlöðuhólfinu þegar rafhlöðurnar eru settar í til

að koma í veg fyrir skemmdir á rafhlöðuhólfinu. Vinnuvélin skemmist ekki þótt rafhlöðurnar séu settar rangt í fjarstýringuna en fjarstýringin kemur aftur á móti ekki til með að virka.



g341771



g341769

Mynd 53

1. Plússkaut rafhlöðu

4. Gangið úr skugga um að stálpéttið og gúmmipéttið sitji í rásinni í framhliðinni og leggið bakhliðina rétt upp að framhliðinni ([Mynd 52](#)).
5. Leggið spottahringinn yfir spottapinnann ([Mynd 52](#)).
6. Leggið bakhliðina og framhliðina saman og festið með sex skrúfum ([Mynd 52](#)).
7. Herðið skrúfurnar í 1,5 til 1,7 Nm (13 til 15 in-lb).

Bilanakóðar bilanagreiningar

Leyst úr bilanakóðum

Ef bilanagreiningarljósíð gefur til kynna bilun í kerfinu skal framkvæma eftirfarandi:


- Greiningarstilling opnuð og kóðarnir skoðaðir (síða 38)
- Endurstilling bilanakóða (síða 38)
- Greiningarstillingu lokað (síða 38)

Bilanakóðatafla

Bil-ana-kóði	Blikmynstur bilanagreining-arljóss	Lýsing á bilun	Orsakir bilana
11	Eitt blikk—hlé—eitt blikk—langt hlé—mynstrið er endurtekið	TEC-stjórnþúnaðurinn eða þráðlausu stjórnneiningin nær ekki tengingu.	Tengill rafleiðslukerfisins á TEC-stjórnþúnaður eða þráðlausu stjórnneiningunni er laus, tærður eða skemmdur.
			Rafleiðslukerfið er skemmt; hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
			Þráðlausu stjórnneiningin er skemmd; hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
12	Eitt blikk—hlé—tvö blikk—langt hlé—mynstrið er endurtekið	Hugþúnaðarútgáfan í TEC-stjórnþúnaðinum, þráðlausu stjórnneiningunni eða fjarstýringunni er ósamhæfur við einn af hinum íhlutunum.	Tengdu fjarstýringuna; sjá notendahandbók vinnuvélarinnar
			Setjið upp réttan hugþúnað; hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
13	Eitt blikk—hlé—þrjú blikk—langt hlé—mynstrið er endurtekið	Röng fjarstýring er tengd við þráðlausu stjórnneininguna.	Fjarstýringin er tengd við aðra Pro Force-vinnuvél.
			Fjarstýringin tilheyrir rangri gerð vinnuvélar, s.s. MH-400 með ProPass-fjarstýringu.
14	Eitt blikk—hlé—fjögur blikk—langt hlé—mynstrið er endurtekið	ETR-rafrás var rofin vegna lágs olíuþrýstings (10 sekúndur eða lengur).	Kannið stöðu smurolíu og fyllið á eftir þörfum.
			Þrýstirofi smurolíu er skemmdur eða slitinn; hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
			Rafleiðslukerfið er skemmt; hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.
15	Eitt blikk—hlé—fimm blikk—langt hlé—mynstrið er endurtekið	ETR-rafrás var rofin vegna lágrar rafgeymisspennu í vinnuvél (minni en 5,5 V).	Kannið ástand rafgeymiskaplanna. Gangið úr skugga um að festingar kaplanna séu vel hertar.
			Prófið rafgeyminn og hlaðið hann ef þörf krefur; frekari upplýsingar eru í <i>þjónustuhandbókinni</i> . Skiptið um rafgeymi ef með þarf.
			Prófið riðstraumsrafal vélarinnar; frekari upplýsingar eru í <i>þjónustuhandbókinni</i> . Skiptið um riðstraumsrafal ef með þarf.
			Prófið spennustilli/afriðil vélarinnar; frekari upplýsingar eru í <i>þjónustuhandbókinni</i> . Skiptið um spennustilli/afriðil ef með þarf.

Greiningarstilling opnuð og kóðarnir skoðaðir

1. Snúið svissinum í STÖÐVUNARSTÖÐU.
2. Fjarlægið lokið í snúrunni af eins pinna tenglinum og eins pinna innstungunni (Mynd 54A).
3. Stingið eins pinna tenglinum í eins pinna innstunguna (Mynd 54B).




Mynd 54

4. Snúið lyklinum í GANGSTÖÐU.
5. Fylgist með blikkmynstursröð greiningarljóssins til að sjá hvort eftirfarandi merki koma fram og skoðið síðan bilanakóðatöfluna:
 - Fjöldi og röð blikka í hverri blikkmynstursröð.
 - Röð og lengd hvers hlés í hverri blikkmynstursröð.

Ath.: Ef margir bilanakóðar eru virkir blikkar hver bilanakóði fyrir sig með löngu hléi á milli. Eftir að allir bilanakóðar hafa verið birtir er röð bilanakóðanna endurtekin. Ef engin virk bilun er til staðar mun blikkar bilanagreiningarljósið stöðugt einu sinni á sekúndu.

Endurstilling bilanakóða

1. Snúið svissinum í GANGSTÖÐU.
2. Takið eins pinna tengilinn úr eins pinna innstungunni (Mynd 55).



Mynd 55


g342081

3. Stingið eins pinna tenglinum í eins pinna innstunguna (Mynd 55).

Ath.: Bilanagreiningarljósið blikkar stöðugt einu sinni á sekúndu.

Greiningarstillingu lokað

1. Svissið AF (Mynd 56).





Mynd 56

g341833

1. Svisslykill
2. STÖÐVUN
3. GANGUR/AUKABÚNAÐUR
4. GANGSETNING

2. Takið eins pinna tengilinn úr eins pinna innstungunni (Mynd 57).



g342082

Mynd 57

3. Setjið eins pinna tengilinn og eins pinna innstunguna á lokið í snúrunni (Mynd 57).

Þrif

Vinnuvélin þriffin

Mikilvægt: Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrifa vinnuvélina.

Mikilvægt: Þrýstipvoið ekki vinnuvélina.

- Þrifið vinnuvélina með mildu hreinsiefni og vatni.
- Ekki nota of mikið vatn, sérstaklega nærri stjórnborðinu.

Förgun úrgangs

Smurolía, rafgeymar og rafhlöður fjarstýringarinnar eru mengunarvaldar í umhverfinu. Þeim skal farga í samræmi við gildandi reglur á hverjum stað.

Geymsla

Öryggi við geymslu

Drepið á vinnubílnum, takið lykilinn úr (ef hann er til staðar) og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrífinn eða settur í geymslu.

Vinnuvélin sett í geymslu

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu, drepið á vélinni, takið lykilinn úr svissinum, bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu stöðvist og aftengið vírinn frá kertinu.
2. Fjarlægið grasafskurð og óhreinindi af ytra byrði vinnuvélarinnar, sérstaklega af vélinni. Hreinsið óhreinindi og hismi utan af fönum á strokkloki vélarinnar og húsi blásarans.

Mikilvægt: Vinnuvélina má þrífa með mildu hreinsiefni og vatni. Ekki þrífa vinnuvélina með háþrýstipvotti. Forðist notkun of mikils vatns.

3. Skiptið um loftsíuna; frekari upplýsingar eru í [Unnið við loftsíuna \(síða 24\)](#).
4. Skiptið um olíu á sveifarhúsi; sjá [Skipt um olíu \(síða 26\)](#).
5. Kannið þrýsting í hjólbörðum; sjá [Loftþrýstingur hjólbörða kannaður \(síða 32\)](#).
6. Búið vinnuvélina undir geymslu ef ekki á að nota hana í 30 daga eða lengur. Undirbúið vinnuvélina undir geymslu á eftirfarandi máta:
 - A. Bætið jarðolíublönduðu varðveisluefni/bætiefni fyrir eldsneyti á geyminn. Fylgið leiðbeiningum um blöndun frá framleiðanda varðveisluefnisins. Ekki nota alkóhólblönduð varðveisluefni (etanól eða metanól).

Ath.: Varðveisluefni/bætiefni fyrir eldsneyti er best að blanda í ferskt eldsneyti og best er að nota það alltaf.

 - B. Látið vélina ganga til að dreifa meðhöndluðu eldsneyti í gegnum eldsneytiskerfið (5 mínútur).
 - C. Drepið á vélinni, bíðið þar til hún kólnar og tappið af eldsneytisgeyminum; sjá [Unnið við eldsneytisgeymi \(síða 30\)](#).
 - D. Gangsetjið vélina og látið hana ganga þar til hún drepur á sér.
 - E. Setjið innsogið á. Gangsetjið vélina og látið hana ganga þar til ekki er hægt að gangsetja hana.

- F. Fargið eldsneyti á viðeigandi máta. Endurvinnið það samkvæmt gildandi reglum.

Mikilvægt: Ekki geyma eldsneyti sem inniheldur varðveisluefni/bætiefni lengur en framleiðandi eldsneytisvarðveisluefnisins mælir með.

7. Fjarlægið kertið/kertin og kannið ástand þess/þeirra; sjá [Kertin skoðuð \(síða 28\)](#). Eftir að kerti hafa verið tekin úr vélinni skal hella tveimur matskeiðum af smurolíu í kertagatið/kertagötin. Notið startarann til að gangsetja vélina og dreifa olíunni um strokkinn. Setjið kertið/kertin aftur í. Ekki tengja vírinn við kertið/kertin.
8. Skoðið og herðið allar festingar. Gerið við eða skiptið um skemmda hluti eða hluti sem vantar.
9. Lakkið yfir rispaða eða óvarða málmfleti. Lakk er fánlegt hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.
10. Geymið vinnuvélina í hreinni, þurri vélageymslu eða geymslusvæði. Takið lykilinn úr svissinum og geymið þar sem börn eða óviðkomandi ná ekki til. Breiðið yfir vinnuvélina til að verja hana og halda hreinni.

Athugasemdir:

Persónuverndaryfirlýsing fyrir EES/Bretland

Notkun Toro á persónuupplýsingum

The Toro Company („Toro“) virðir rétt þinn til persónuverndar. Þegar þú kaupir vörur okkar kunnum við að safna vissum upplýsingum um þig, annaðhvort beint frá þér eða í gegnum fyrirtæki eða söluaðila Toro á þínu svæði. Toro notar þessar upplýsingar til að uppfylla samningsbundnar skyldur sínar – svo sem að skrá ábyrgðina þína, vinna ábyrgðarkröfur eða hafa samband við þig vegna innköllunar vöru – og í löglegum viðskiptatilgangi – svo sem að mæla ánægju viðskiptavina, bæta vörur okkar og bjóða upp á vöruupplýsingar sem þú kannt að hafa áhuga á. Toro kann að deila upplýsingunum þínum með dótturfyrirtækjum sínum, hlutdeildarfélögum sínum, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við kunnum einnig að birta persónuupplýsingar þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða í tengslum við sölu, kaup eða sameiningu fyrirtækisins. Við munum aldrei selja persónuupplýsingarnar þínar öðru fyrirtæki í markaðslegum tilgangi.

Geymsla persónuupplýsinga

Toro geymir persónuupplýsingarnar þínar eins lengi og við á samkvæmt tilganginum hér á undan og eins og krafist er samkvæmt lögum. Frekari upplýsingar um viðeigandi geymslutímabil er hægt að nálgast í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áhersla Toro á öryggi

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera unnar í Bandaríkjunum eða öðru landi þar sem gagnaverndarlög kunna að vera rýmri en í þínu heimalandi. Þegar við flytjum upplýsingarnar þínar út fyrir heimaland þitt munum við grípa til aðgerða, sem krafist er samkvæmt lögum, til að tryggja að gripið sé til viðeigandi öryggisráðstafana til að verja upplýsingarnar þínar og tryggja að þær séu meðhöndlaðar á öruggan máta.

Aðgangur og leiðrétting

Þú kannt að hafa rétt til að leiðrétta eða fara yfir persónuupplýsingarnar þínar eða hafna eða takmarka vinnslu þeirra. Hafðu samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com til að gera það. Ef þú hefur áhyggjur af því hvernig Toro fer með upplýsingarnar þínar hvetjum við þig til að hafa beint samband við okkur. Hafðu í huga að Evrópubúar geta sent kvörtun til gagnaverndaryfirvalda.

Upplýsingar um viðvörun vegna tillögu 65 í Kaliforníu (California Proposition 65)

Hvaða viðvörun er þetta?

Mögulega sérðu vöru til sölu með viðvörunarmerkingu á borð við eftirfarandi:



VIÐVÖRUN: Hætta á krabbameini og skaða á æxlunarfærum –
www.p65Warnings.ca.gov.

Hvað er tillaga 65?

Tillaga 65 nær til allra fyrirtækja sem starfa í Kaliforníu, selja vörur í Kaliforníu eða framleiða vörur sem kunna að vera seldar eða keyptar í Kaliforníu. Samkvæmt henni skal ríkisstjóri Kaliforníu viðhalda og birta lista yfir íðefni sem vitað er að valdi krabbameini, fæðingargöllum og/eða öðrum æxlunarskaða. Listinn er uppfærður árlega og inniheldur hundruð íðefna sem finna má í mörgum hversdagslegum hlutum. Tilgangur tillögu 65 er að upplýsa almenning um váhrif þessara íðefna.

Tillaga 65 bannar ekki sölu vara sem innihalda þessi íðefni en krefst þess í stað að viðvaranir séu settar á vörur, vöruumbúðir eða fylgiskjöl viðkomandi vara. Enn fremur gefur viðvörun á grunni tillögu 65 ekki til kynna að vara brjóti gegn öryggisstöðlum eða -kröfum vara. Yfirvöld Kaliforníu hafa í raun útskýrt að viðvörun á grunni tillögu 65 jafngildi ekki ákvörðun á grunni reglugerða um hvort vara er „örugg“ eða „öörugg“. Mörg þessara íðefna hafa verið notuð í hversdagslegum vörum um árabíl án skráðs skaða. Frekari upplýsingar er að finna á <https://oag.ca.gov/prop65/faqs-view-all>.

Viðvörun á grunni tillögu 65 þýðir að fyrirtæki hefur annaðhvort (1) metið váhrifin og komist að þeirri niðurstöðu að hættustig sé hverfandi; eða (2) hefur valið að birta viðvörunina vegna þess að íðefni af listanum er til staðar án þess að váhrifin hafi verið metin.

Gilda þessi lög alls staðar?

Viðvaranir á grunni tillögu 65 eru eingöngu áskildar samkvæmt lögum Kaliforníu. Þessar viðvaranir er að finna víðs vegar um Kaliforníu, í mismunandi samhengi, þar á meðal en ekki takmarkað við á veitingastöðum, kjörbúðum, hótélum, skólum og spítölum og á ýmis konar vörum. Við þetta bætist að sumar netverslanir og vörulistaverslanir birta viðvaranir á grunni tillögu 65 á vefsvæðum sínum og í vörulistum.

Hvernig standa viðvaranir Kaliforníu í samanburði við mörk í landslögum?

Staðlar tillögu 65 eru oft mun strangari en í landslögum og alþjóðlegum stöðlum. Ýmis efni krefjast viðvörunar á grunni tillögu 65 í mun minni styrk en krafist er samkvæmt bandarískum landslögum. Til dæmis eru mörk tillögu 65 fyrir viðvörun vegna blýs 0,5 µg/dag, sem er mun lægra en samkvæmt bandarískum landslögum og alþjóðlegum stöðlum.

Af hverju bera ekki allar sambærilegar vörur viðvörunina?

- Vörur sem seldar eru í Kaliforníu þarf að merkja samkvæmt tillögu 65 á meðan ekki þarf að merkja sambærilegar vörur sem seldar eru annars staðar.
- Fyrirtæki sem nær samkomulagi vegna málsóknar á grunni tillögu 65 þarf mögulega að merkja vörur sínar með viðvörunum á grunni tillögu 65 en önnur fyrirtæki sem framleiða samsvarandi vörur þurfa þess ekki.
- Ekki er samræmi í því hvernig tillögu 65 er framfylgt.
- Fyrirtæki kunna að sleppa því að nota þessar viðvaranir vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telja sig ekki þurfa þess samkvæmt tillögu 65; það að vara sé ekki með viðvörun merkir ekki að viðkomandi vara sé án þeirra íðefna og í þeim styrk sem listinn segir til um.

Af hverju notar Toro þessa viðvörun?

Toro hefur kosið að veita neytendum eins miklar upplýsingar og hægt er til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vörurnar sem þeir kaupa og nota. Toro notar þessar viðvaranir í tilteknum tilvikum vegna þess að það veit af tilvist eins eða fleiri skráðra íðefna án þess að leggja mat á váhrif, þar sem ekki fylgja öllum skráðum íðefnum upplýsingar um váhrifamörk. Þótt váhrif af völdum vara frá Toro kunni að vera hverfandi eða langt innan þeirra marka sem segja til um hverfandi hættu hefur Toro ákveðið að kjósa frekar meiri aðgát en minni og valið að nota viðvaranir á grunni tillögu 65. Enn fremur skal hafa í huga að ef Toro birtir ekki þessar viðvaranir kann það að verða lögsótt af Kaliforníuríki eða einkaaðilum sem framfylgja vilja tillögu 65 og gert að greiða umtalsverðar sektir.



Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára eða 1500 vinnustunda ábyrgð

Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company ábyrgist gagnvart þér að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð önnur en viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Viðgerðir á vörunni vegna vandamála sem rekja má til þess að nauðsynlegt viðhald eða stillingar voru ekki framkvæmdar falla ekki undir ábyrgðina.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Ógallaða varahluti. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, hemlaklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (eina-graðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbardar, síur, reimar og tiltekni úðaraflutir á borð við himnur, stúta, straummæla og einstefnuloka.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreininda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða íðefna.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, dísilólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.
- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu. Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta eigi um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarþjöld kilóvattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkur sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlöðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Athugið: (Eingöngu Li-ion rafhlöða): Frekari upplýsingar er að finna í ábyrgð rafhlöðunnar.

Ábyrgð á sveifarás út endingartíma (eingöngu ProStripe 02657-gerð)

ProStripe, sem er með núningsdisk frá Toro og hemlatengsli fyrir hnif til að tryggja öryggi við gangsetningu (sambyggð hemlatengsli fyrir hnif + núningsdiskur) sem upprunalegan búnað, notað af upprunalegum kaupanda í samræmi við ráðlagða notkun og viðhald, er í ábyrgð gagnvart bognum sveifarás út endingartímann. Vinnuvélar sem eru með núningsskinnum, hnífahemlatengslaeiningum og öðrum slíkum búnaði falla ekki undir ábyrgð á sveifarási út endingartímann.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivökvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Athugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörunni eða er að finna í fylgiskjólum vélarframleiðanda.